

Aðalfundur Kennarafélags FSu. haldinn kl. 10.10 þann 1. okt. 2014 í sal skólans

Formaður, Gylfi Þorkelsson, setti fund og stakk upp á Kjartani Ólasyni sem fundarstjóra. Samþykkt einróma. Kjartan tók við stjórn fundarins og stakk upp á Helga Þorvaldssyni sem fundarritara. Var það sömuleiðis samþykkt einróma. Því næst var gengið til dagskrár.

## 1. Skýrsla stjórnar:

Formaður félagsins flutti.

Starfsárið 2013-14 var nokkuð erilsamt. Stjórn kennarafélagsins hélt 5 formlega fundi og fundaði auk þess með trúnaðarmönnum og fulltrúum í samstarfsnefnd. Þann þriðja febrúar 2014 hélt félagið félagsfund þar sem rætt var um stöðu kjaraviðræðna og heimild samninganefndar til verkfallsboðunar. Fundurinn var vel sóttur og samþykkti samhljóða ályktun þess efnis að boðað yrði til verkfalls ef nauðsyn krefði.

Formaður og trúnaðarmaður sóttu til Reykjavíkur fimm fundi á vegum FF, kynningarfundum um stöðu kjaraviðræðna bæði í nóvember 2013 og janúar 2014, aðalfund FF í mars 2014, kynningarfund á kjarasamningi að loknu verkfalli í apríl og að lokum framhaldsaðalfund FF í september 2014.

Auk þessara funda voru stjórn, trúnaðarmenn og fulltrúar í samstarfsnefnd í stöðugum samskiptum, nánast daglegum á köflum, bæði í tölvupósti og á óformlegum fundum á Bollastöðum eða í vinnuherbergjum.

Helstu málefni til umræðu voru kjaramál, svo sem von er til, en fleira komst á dagskrá. Stjórn KFSu sendi stjórn FF bréf með fyrirspurnum í nokkrum liðum um ársreikninga FF, m.a. um launakjör starfsmanna KÍ, óljósar upplýsingar í ársreikningi um greiðslur FF-félaga til KÍ og greiðslur KÍ til FF, en allt bendir til þess að FF greiði hærri upphæð per félagsmann til KÍ en önnur félög og FF fái lægra hlutfall til reksturs úr sjóðum KÍ. Ekki fengust skýr svör við þessum spurningum.

Stjórn ræddi ítarlega tillögur stjórnar FF til aðalfundar FF um breytingar á lögum félagsins og um tillögur stjórnar KÍ til 6. þings Kennarasambands Íslands, um breytingar á lögum KÍ og vinnureglum Orlofssjóðs, Sjúkrasjóðs og Vinnudeilusjóðs. Það var einróma álit stjórnar KFSu að allar þessar lagabreytingatillögur stefni kennarasamtökunum í þá átt að auka miðstýringu og skerða ábyrgð og lýðræðislega aðkomu félagsmanna að ákvörðunum. Fulltrúum KFSu á aðalfundi FF var falið að berjast gegn þessum breytingatillögum. Í því skyni skrifaði formaður einnig grein um málið sem birt var á heimasíðu KÍ.

Á aðalfundi FF var flestum lagabreytingatillögum hafnað og fulltrúar FF á KÍ-þinginu börðust þar einarðlega gegn þeim, en máttu sín lítils gegn ofurefli fulltrúa annarra aðildarfélaga KÍ. Þó tókst að koma í veg fyrir að KÍ tæki af FF ráðin um það með hvaða hætti félagið velur fulltrúa sína, þannig að hálfur sigur vannst að segja má. Þess ber að geta að lög KÍ eru æðri lögum aðildarfélaganna, þannig að þing KÍ hefur vald til að breyta því sem það vill í starfsháttum aðildarfélaga og svæðafélaga innan þeirra.

Vísindasjóðsmálið var enn til umræðu. Á aðalfundi FF skoraði nýkjörinn formaður FF á stjórn Vísindasjóðs að gefa kost á sér áfram og varð hún við þeirri áskorun. Í kosningum var stjórninni hins vegar kollvarpað. Ný stjórn tók við en hefur haldið þeirri stefnu fráfarandi stjórnar að hýsa sjóðinn utan KÍ hússins, og reyndar einnig fengið fráfarandi formann sjóðsstjórnar, Þóreyju Hilmarsdóttur, til að starfa áfram fyrir sjóðinn. Svo skall á verkfall. Trúnaðarmaður bar hitann og þungann ásamt stjórn af skipulagningu starfs í verkfallsmiðstöð og naut ómetanlegrar aðstoðar fjölda félagsmanna. Svo lauk verkfallinu og önnin var kláruð.

Þann 11. júní komu saman á fundi stjórn KFSu, trúnaðarmaður og fulltrúi úr samstarfsnefnd til að ræða skóladagatal 2014-2015 sem sent hafði verið á starfsfólk skömmu áður. Fundurinn samþykkti ályktun sem send var félagsmönnum og skólastjórnendum, þar sem gerðar voru athugasemdir við þrjú atriði í skipulagningu komandi skólaárs, sem samrýmast ekki kjarasamningi kennara: Gert var ráð fyrir a) ólaunaðri vinnu kennara við samningu námskrár utan lögbundins starfstíma skóla, þann 18. og 19. ágúst, b) nýnemadegi 21. ágúst, og sá dagur ekki skilgreindur sem nemendadagur þó ætlast væri til vinnu kennara með nemendum og c) að hefja skólastarf 22. ágúst og ljúka því 22. maí, sem er umfram lögbundinn 9 mánaða starfstíma skóla. Í kjölfar þessara athugasemda var skipulaginu breytt hvað fyrri tvo liðina varðar, en enn hefur ekki verið tilkynnt um breytingar á hinum þriðja, nema að því leyti að tilkynnt hefur verið að kennurum sé í sjálfsvald sett hvort þeir mæta á útskrift utan 9 mánaða rammans vorið 2015 eður ei.

Töluverð umræða skapaðist í kjölfarið á tölvupósti kennarafélagsins og sýndist sitt hverjum. Það sem upp úr stendur í huga undirritaðs er einkum tvennt. Í fyrsta lagi sú breyting að mál eru ekki lengur kynnt í samstarfsnefnd, eða samráð haft við hana, áður en ákvaðanir eru teknar, eins og t.d. varðandi skóladagatal. Í öðru lagi þau orð skólameistara í starfsmannapósti að hún frétti af öllu sem sagt væri og gert innan stofnunarinnar. Rétt er að taka það fram að skólameistari er ekki á póstlista kennarafélagsins og félagið sendir honum hvorki afrit af bréfum til félagsmanna né áframsendur til hans skoðanaskipti félagsmanna á póstlistanum um slík bréf. Sameiginlegar ályktanir og afgreiðslur eru hins vegar sendar honum með skilum. Það er bagalegt ef félagsmenn geta ekki tjáð sig frjállega um málefni skólans sín í milli, undir nafni, án þess trúnaður um þau skoðanaskipti sé rofinn.

Töluverðar breytingar verða nú á skipan í trúnaðarstörf. Einhverjir eru horfnir til annarra starfa utan skólans, aðir kjósa að hætta eftir mislanga þjónustu. Fyrir hönd félagsmanna tek ég mér það bessaleyfi að þakka viðkomandi fyrir störf í þágu félagsins.

Það verður að segjast eins og það er að treglega hefur gengið að tryggja framboð í öll embætti. Ég veit þó að allir gera sér grein fyrir nauðsyn þeirra trúnaðarstarfa sem skylt er að kjósa fulltrúa til. Best er að líta á þessi störf sem þegnskyldu og skipta um fólk með reglulegu og ekki of löngu millibili. Nú er undirritaður t.d. búinn að gegna formennsku í kennarafélaginu í þrjú ár og það er mjög hæfilegt að annar taki nú við.

Gylfi Þorkelsson, formaður.

Umræður urðu um skýrslu formanns. Honum voru þökkuð góð störf og rætt um samskipti við skólameistara.

## 2. Skýrsla gjaldkera

Þórey Hilmarsdóttir flutti.

Fram kom að hagnaður ársins væri kr. 77.672-

Eign á bankareikningi kr. 181.388-

Þórey lagði til að eign yrði að hálfu notuð til að umbuna formanni og þeim starfsmönnum sem hafa borið hitann og þungann af starfi félagsins. Nýrri stjórn yrði falið að hlutast til um þetta. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

### 3 Lagabreytingar:

Engar lagabreytingatillögur bárust fyrir útsendingu fundarboðs.

### 4 Kosningar til trúnaðarstarfa

Eftirtaldir hlutu kosningu:

- a) Trúnaðarmaður til tveggja ára: Guðmundur Björgvin Gylfason  
Trúnaðarmaður til eins árs (í stað Veru Valgarðsdóttur sem er hálfnuð með sitt kjörtímabil):  
Kristjana Hrund Bárðardóttir.
- b) Stjórn KFSu: Ragnheiður Eiríksdóttir, Kristjana Hrund Bárðardóttir, Tómas Davíð Ibsen  
Tómason og Gylfi Þorkelsson.
- c) Varamenn í stjórn: Ægir Pétur Ellertsson, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir.
- d) Fulltrúar í Samstarfsnefnd: Guðbjörg Grímsdóttir, Helgi Hermannsson, Guðmundur Björgvin  
Gylfason, Kristjana Hrund Bárðard. og Sverrir Geir Ingibjartsson.
- e) Fagráð kennarafélagsins: Bryndís Guðjónsdóttir, Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, Málfríður  
Garðarsdóttir.
- f) Skoðunarmenn Ólafur Bjarnason, Ægir Sigurðsson.
- g) Fulltrúi á fulltrúafund FF: Stjórn falið að velja fulltrúa úr sínum röðum.

### 5 Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta ár:

Formaður kynnti.

Helsta mál á dagskrá nýrrar stjórnar verða kjaramál, nýtt vinnumat fyrir framhaldsskólakennara og kosningar um það í febrúar nk. Umræður urðu um vinnumatið. Fundurinn beinir því til stjórnar að fá fulltrúa úr vinnumatsráði á staðinn til að kynna vinnu við nýtt vinnumat. Að öðru leyti samþykkti fundurinn að fela nýkjörinni stjórn að setja sér starfsáætlun.

### 6 Önnur mál:

- a) Þórey minnti á vísindasjóðinn og rakti helstu reglur varðandi úthlutun.
- b) Hörður ræddi samstarfsnefndarfundir og minnti á, að gefnu tilefni, að fulltrúar kennara hefðu jafnan rétt og stjórnendur að óska eftir að fundir væru haldnir í nefndinni. Þetta væri SAMSTARFSnefnd.

Fundi slitið kl 11.05

Fundarritari Helgi Þorvaldsson